

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. mars 1986

um að hvað ákveðnar tegundir varðar sé Grikkland undanþegið beitingu tilskipana ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja, sáðkorns og olíu- og trefjajurtafræja

(Aðeins gríski textinn er fullgildur)

(86/153/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af beiðni Grikklands,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 ⁽²⁾, einkum 23. gr. a,

Fræ af dúnflækju, gulrófum, fódurkáli, fódurhreðkum, kanarígrasi, speldi, svörtum mustarði, kúmeni og hvítum mustarði er yfirleitt ekki ræktað eða markaðsett í Grikklandi;

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85, einkum 23. gr. a,

Meðan þetta ástand varir ætti að veita Grikklandi undanþágu frá því að beita ákvæðum fyrrnefndra tilskipana að því er viðkomandi tegundir varðar.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/75, einkum 22. gr.,

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Grikklandi er hér með veitt undanþága frá beitingu:

1. Tilskipunar 66/401/EBE, að undanskilinni 1. mgr. 14. gr., að því er eftirtaldar tegundir varðar:
 - a) *Vicia villosa* Roth — dúnflækja
 - b) *Brassica napus* L. var. *napobrassica* (L.) peterm. — gulrófur
 - c) *Brassica oleracea* L. convar. *acephala* (DC.) — fódurkál
 - d) *Raphanus sativus* L. ssp. *oleifera* (DC.) Metzg. — fódurhreðkur
2. Tilskipunar 66/402/EBE, að undanskilinni 1. mgr. 14. gr., að því er eftirtaldar tegundir varðar:
 - a) *Phalaris canariensis* L. — kanarígras
 - b) *Triticum spelta* L. — speldi
3. Tilskipunar 69/208/EBE, að undanskilinni 1. mgr. 13. gr., að því er eftirtaldar tegundir varðar:
 - a) *Brassica juncea* (L.) Czern. et Coss in Czern. — svartur mustarður
 - b) *Carum carvi* L. — kúmen
 - c) *Sinapis alba* L. — hvítur mustarður

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Grikklands.

Gjört í Brussel 25. mars 1986.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans ANDRIESEN

varaforseti.
